

Föstudaginn 30. júní 1989.

Nr. 29/1988. **Árdís Þórðardóttir**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

**Póst- og símamálastofnun**

(Guðmundur Markússon hrl.).

Símakostnaður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttar-dómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1988. Hún gerir þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða áfrýjanda 22.522,96 kr. með nánar tilgreindum vöxtum og að auki málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti ásamt 12% sérstökum söluskatti. Beri málskostnaðurinn vexti sky. 175. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal tilkynning frá stefndu um gjaldskrárbreytingar 27. júní 1985, skýrsla starfs-manna stefndu og ljósrit af svokallaðri talsímareglugerð, sem er hluti alþjóðafjarskiptasamnings þess, sem var í gildi 1985, að því er Ísland varðaði, og hafði verið fullgiltur með tíðkanlegum hætti, sbr. auglýsingu nr. 61/1960 í A-deild Stjórnartíðinda.

Í máli þessu er um það deilt, hvort greiða eigi eftir gjaldskrá í Bandaríkjunum eða á Íslandi fyrir símtöl, sem pöntuð voru í Banda-ríkjunum, en sá, sem hringt var til á Íslandi, samþykkti að greiða. Hafa slík símtöl verið nefnd viðtökusímtöl („collect“-símtöl). Í málinu er einnig vefengt af hálfu áfrýjanda, að lögmæt gjaldskrá hafi verið til hér á landi á þeim tíma, sem máli skiptir, um símtöl til útlanda.

Áfrýjandi telur, að eiginmaður sinn hafi samið við símafélag í Illinois í Bandaríkjunum um símtöl þau, sem deilt er um, og að hún hafi eftir þeim samningi átt að greiða eftir texta hins banda-ríska félags. Áfrýjandi hefur ekki sannað, að samningur þessa efnis hafi stofnast. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á, að á

stefndu hvíli skuldbinding á þessum grundvelli. Það er hins vegar óumdeilt, að áfrýjandi samþykkti, að símtöl, sem maður hennar pantaði í Bandaríkjunum, yrðu færð til skuldar á símareikning þeirra hjóna í Reykjavík. Ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að við þau tækifæri hafi verið tekið fram, hvaða gjaldskrá skyldi nota. Ekki mátti áfrýjandi á það treysta, að texti í símaskrá leiddi til þess, að hún ætti að greiða fyrir hin umdeildu símtöl eftir gjaldskrá símafélags í Bandaríkjunum.

Í lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, segir í 9. gr., 1. mgr., að ráðherra setji að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar gjaldskrá fyrir þjónustu, sem stofnunin veitir. Í gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu, nr. 253/1985 og 420/1985, er í 4. kafla fjallað um símtalagjald. Sjötti töluliður kaflans er þannig:

„6. *Símatalgjöld milli Íslands og annarra landa.*

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnis Póst- og símamálastofnun þau, eins og þau eru á hverjum tíma. ...“

Svo sem fyrr segir, hefur verið lögð fyrir Hæstarétt tilkynning frá Póst- og símamálastofnun frá 27. júní 1985 um breytingar á gjaldskrá fyrir talsíma til útlanda og fleiri atriði. Með fylgir skrá um gjaldflokka. Af hálfu áfrýjanda er því mótmælt, að þessi tilkynning, sem ekki verður séð, að birt hafi verið eftir reglum laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sé gjaldskrá í merkingu 9. gr. fjarskiptalaga. Hins vegar er því ekki mótmælt af hálfu áfrýjanda, að gjald það, sem hún var krafín um, hafi verið rétt reiknað eftir verðtöxtum í þessari tilkynningu.

Af því, sem nú hefur verið rakið, verður ráðið, að ekki hafa verið birt hér á landi ákvæði, sem beint og berum orðum segja til um réttarstöðu málsaðila. Hins vegar er nú fram komið, að í alþjóðareglum, sem til er vísað í 6. tl. 4. kafla í gjaldskrá og reglum nr. 253/1985 og 420/1985, segir, að gjald fyrir hin umdeildu símtöl skuli vera eins og við eigi í landi þess notanda, sem gjaldið greiðir. Þessi ákvæði verður, eins og á stendur, að leggja til grundvallar dómi í máli þessu.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta héraðsdóm, þó þannig, að málskostnaður falli niður í héraði. Þá er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði falli niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1987.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 2. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 22. janúar 1987, af Árdísi Þórðardóttur framkvæmdastjóra, nnr. 0415-1224, nú til heimilis að Álfheimum 62, Reykjavík, gegn Ólafi Tómassyni póst- og símamálastjóra f.h. Póst- og símamálastofnunar við Austurvöll, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefnda endurgreiði henni 22.525,96 kr. með vöxtum sem hér segir: 45% ársvöxtum af 6.153,78 kr. frá 12.12. 1985 til 13.1. 1986, en af 8.863,05 kr. frá þ.d. til 14.2. 1986, en af 22.525,96 kr. frá þ.d. til 1.3. 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, en 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3. 1987, en 30% ársvöxtum frá þ.d. til 14.4. 1987, en hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga frá þ.d. til greiðsludags. Stefnandi krefst og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þar með talins söluskatts.

Stefnda krefst þess, að hún verði algerlega sýknuð af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt texta LMFÍ.

### **I.**

Stefnandi kveður málavexti þá, að eiginmaður sinn hafi dvalist í Bandaríkjunum Norður-Ameríku í viðskiptaerindum þeirra hjóna haustið og í árslok 1985. Þau hafi þurft að ræðast við í síma á þessum tíma og eiginmaður sinn því kannað, hvað kostaði að fá viðtökusímtal („collect“) frá Bandaríkjunum til Íslands. Hann hafi fengið þær upplýsingar hjá símafyrirtækinu Illinois Bell, að ódýrast væri að hringja til Íslands eftir kl 18.00 að staðartíma. Þá kostaði hver mínúta 0,73 Bandaríkjadali fyrstu 3 mínútur og 0,69 dali hver mínúta eftir það, og gildi þessi taxti til kl. 7.00 að morgni. Stefnandi hafi kynnt sér upplýsingar í símaskrá á 16. bls., en þær hafi verið, að ef beðið væri um viðtökusímtal, legðist á aukagjald, sem væri 7 gullfrankar í Vestur-Evrópu, samsvaraði tveggja mínútna símtali til Bandaríkjanna og einnar mínútu símtali til annarra landa. Þess hafi ekki verið getið í símaskránni, að það sé gjaldskrá þess lands, sem hringt er til, sem við eigi að miða. Niðurstaða þeirra hjóna hafi að sjálfsögðu verið sú, að hinn bandaríski taxti yrði notaður, þ.e. hringt væri frá Bandaríkjunum, og þeim

hafi þótt hentugra að greiða símareikningana hérlandis, þar sem aukagjaldið, sem af því stafaði, hafi einungis samsvarað gjaldi fyrir tveggja mínútna símtal.

Er fyrstu símareikningarnir hafi komið frá stefndu í byrjun desembermánaðar 1985, hafi komið í ljós, að stefnanda var gert að greiða u.þ.b. 2.30 Bandaríkjadali fyrir hverja mínútu. Þegar kvartað hafi verið við stefndu, hafi því verið lýst, að svona ætti þetta að vera, þ.e., að gjaldskrá móttökulandsins gildi, þegar um viðtökusímtöl væri að ræða. Þetta telji stefnandi, að sé í ósamræmi við upplýsingar, sem veittar séu í símaskrá og hið bandaríska símafyrirtæki hafi gefið, þar sem augljóst sé, að það sé fyrirtækið í því landi, sem hringt sé frá, sem selji símtalið, en fyrirtækið í móttökulandinu sjái um að innheimta gjaldið, og því leggist sérstakt aukagjald á fyrir það ómak.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig, að með reikningum nr. 566475 og 5678332 frá stefndu, sem greiddir hafi verið 12. desember 1985, hafi hún verið látin greiða 9.455,50 kr. í stað kr. 3.701,72 fyrir viðtökusímtöl frá Bandaríkjunum. Með reikningi nr. 5730604, sem greiddur hafi verið 13. janúar 1986, hafi hún verið látin greiða 4.011,40 kr. í stað kr. 1.302,13, og með reikningi nr. 6081583, sem greiddur hafi verið 14. febrúar 1986, hafi hún verið látin greiða 20.057,05 kr. í stað 6.394,14 króna. Hér sé reiknað með, að stefnandi hafi átt að greiða 0,73 dali fyrir hverja mínútu og miðað sé við sölugengi Bandaríkjadals á greiðsludegi reikninganna.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hún hafi samið um það gjald fyrir símtölin, sem sett var upp í Bandaríkjunum, og breyti engu, hvar símtölin séu greidd, heldur bætist aðeins við umsamið aukagjald, séu þau greidd í því landi, sem hringt sé til. Stefnandi hafi keypt símtöl þessi af Illinois Bell og eigi því að greiða samkvæmt þeirra gjaldskrá, en stefnda sé einungis að innheimta greiðsluna fyrir hið bandaríska félag. Upplýsingar þær, sem veittar séu í símaskrá stefndu, séu á þá leið, að á viðtökusímtöl leggist aukagjald, sem sé 7 gullfrankar í Vestur-Evrópu, samsvari tveggja mínútna símtali til Bandaríkja Norður-Ameríku og einnar mínútu símtali til annarra landa. Af þessum upplýsingum verði ekki önnur ályktun dregin en sú, að farið sé eftir hinni íslensku gjaldskrá, þegar beðið sé um viðtökusímtal frá Íslandi, og að ekki sé farið eftir íslenskri gjaldskrá, þegar hringt sé þannig til Íslands. Þess vegna eigi að fara eftir gjaldskrá landsins, sem hringt sé frá, og viðtökulandið innheimti síðan greiðsluna. Þetta sé í raun staðfest af stefndu í samþykktum Alþjóða-fjarskiptasambandsins, sem hún hafi lagt fram í málinu. Þar segi í grein 4.3: „Innheimtugjald fyrir viðtökusímtal er það gjald, sem gildir í viðtökulandinu.“ Þarna sé verið að fjalla um „innheimtugjald“, en ekki, hvaða gjaldskrá skuli gilda fyrir símtalið, og grein 4.3.1. fjalli um alþjóðleg reikningsskil, en ekki gjald, sem notendur greiði.

Stefnandi vísar í 27. gr. laga nr. 56/1978 og bendir á, að auglýsingar stefndu í símaskrá séu villandi um þetta atriði. Jafnvel þótt stefnda hafi rétt fyrir sér um, hvernig sé innheimt fyrir slík símtöl, þá beri að leggja greiðsluskyldu á stefndu, þar sem hún eigi að bera hallann af því, er upplýsingaskortur og rangar upplýsingar hennar leiða til tjóns fyrir notendur, í þessu tilviki stefnanda. Stefnandi og eiginmaður sinn hefðu valið hagkvæmstu leiðina til þess að tala milli landanna, og um leið og þeim hefði orðið ljóst, hvernig stefnda tæki gjöld fyrir þau þrátt fyrir upplýsingar, hefðu þau breytt um og hringt frá Bandaríkjunum samkvæmt bandarískri gjaldskrá og greitt því ekki nema þriðjung af hinni íslensku.

## II.

Stefnda styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi og eiginmaður hennar hafi einfaldlega misskilið fyrirkomulagið á gjaldtöku fyrir viðtöku-símtöl. Hún útskýrir eðli viðtökusímtala þannig: Þau byggjast á handvirkri afgreiðslu af hálfu símstöðvar. Sá, sem hringir, óskar eftir því, að símtalið sé greitt af viðtakanda, en ekki þeim aðila, sem hringir, svo sem venja er. Sú símstöð, sem afgreiðir símtalið, óskar eftir því sérstaklega við móttakanda símtalsins, að hann samþykki að greiða símtalið, hvaðan svo sem hringt er. Þá fyrst, er móttakandi hefur samþykkt, að símtalið verði skrifað á hans reikning, fæst afgreitt samtal þess, sem hringir, við móttakandann. Það er samkvæmt þessu móttakandinn, sem greiðir símtalið. Móttakandinn samþykkir, að með símtalið verði farið svo sem hann hefði sjálfur hringt í þann, sem í raun hringdi. Þetta sé algild regla, sem komi fram í alþjóðareglum ITU, International Telecommunication Union, sem Ísland sé aðili að, gr. 4.3: „The collection charge for a collect call is the one applicable in the country of destination of the call“, en stefnandi hafi vísað í íslenska þýðingu löggilts skjalabýðanda hér að ofan. Eðli viðtökusímtala sé því einfaldlega þannig, að farið sé með þau eins og útfarandi símtal þess, sem samþykkir símtalið sem viðtökusímtal, eins og hann hafi sjálfur hringt, en ekki hinn. Þess vegna hljóti misskilningur að hafa orðið hjá eiginmanni stefnanda í samskiptum hans við fyrirtækið Illinois Bell, en um það sé í raun ekki vitað í máli þessu.

Hafi stefnandi eða eiginmaður hennar samið við hið bandaríska fyrirtæki um að fá viðtökusímtal til Íslands með þeim kjörum, sem stefnandi haldi fram, sé það stefndu í máli þessu algerlega óviðkomandi, enda sé hún ekki umboðsmaður hins bandaríska firma. Stefnda bendi og á, að sá rétt hafi síma, sem samþykkir viðtökusímtal, skuldbindi sig og taki ábyrgð á greiðslu símtalsins samkvæmt gjaldskrá þeirrar símstöðvar, sem hann sé tengdur við, en ekki gjaldskrá þess lands, sem hringt sé frá, enda viti móttakandi að öllum jafnaði ekkert um gjaldskrá þess lands. En áhætta sé þessu

samfara. Ef viðtakandi símvalsins mótmælir síðar að hafa samþykkt viðtökusímalið, geti viðkomandi stofnun ekki innheimt greiðslu fyrir það. Þess vegna sé sett á aukagjald til að mæta áhættunni. Þessu aukagjaldi sé lýst í símaskránni, eins og stefnandi bendi á, en hún hafi misskilið það og mistúlkað. Aukagjaldið sé ekki gjaldskrá fyrir viðtökusímtöl, heldur sérstakt gjald ofan á gjaldskrá.

Síðari málsástæða stefnanda lúti að röngum eða villandi upplýsingum í símaskrá. Á blaðsíðu þeirri, sem stefnandi vísi til, standi þessi setning með feitu lettri: „Símtöl, sem greiðast af þeim, sem hringt er til (collect).“ Síðan segi:

„Þegar óskað er eftir, að símtalið sé greitt af þeim aðila, sem hringt er til (collect), verður það því aðeins afgreitt, að viðtakandi samþykki, að símtalið verði skráð á hans símanúmer.“

Þessa þjónustu er aðeins unnt að veita við þau lönd, sem leyfa „collect“-afgreiðslu.

Á „collect“-símtöl leggst aukagjald, sem er 7 gullfrankar í V.-Evrópu, samsvarar tveggja mínútna símtali til Bandaríkja N.-Ameríku og einnar mínútu símtali til annarra landa.“

Ekki sé ljóst, hvornig unnt sé að misskilja þetta á þann hátt, sem stefnandi gerir. Hið umrædda aukagjald samsvari símtölum til annarra landa vegna þess, að miðað er við, að hringt sé frá Íslandi og greitt samkvæmt íslenskri gjaldskrá, eins og eðli viðtökusímtala er og lýst hefur verið. Reglur þessar hafi aldrei valdið misskilningi fyrr, og algerlega sé ósannað af hálfu stefnanda, að þær hafi leitt til tjóns fyrir notendur. Ekkert einsdæmi sé, að þjónusta hér á landi sé dýrari en sambærileg þjónusta erlendis. Hér sé þjónusta haldið uppi af tiltölulega fáum greiðendum, og leggist því meiri greiðslubyrði á þá, sem taki þátt í að greiða fyrir þjónustuna. Utan lands megi dreifa slíkri greiðslubyrði á margfalt fleiri. Ekkert sé því óeðlilegt fyrir notendur hér á landi að þurfa að greiða hærra verð fyrir símtöl til útlanda en greitt sé fyrir símtöl hingað til lands frá útlöndum. Ekki sé heldur neitt óeðlilegt við reglurnar um innheimtu fyrir viðtökusímtöl. Símgjöld úti um heim séu sífelldum breytingum háð, og íslenskur notandi, sem samþykkir viðtökusímtal í síma sínum hér á landi, geti ekki vitað um gjaldskrá þess lands, sem hringt sé frá hverju sinni. Augljóst sé og, að stefnda hafi ekki lagaheimild til þess að krefja rétthafa hér á landi um gjöld samkvæmt erlendum gjaldskrá, sbr. ákvæði 9. gr. fjarskiptalaga, nr. 73/1984. Ef fallist væri á sjónarmið stefnanda í máli þessu, yrði fyrst um áhættu fyrir íslenska símnotendur að ræða.

### III.

Upplýst er í máli þessu af hálfu stefnanda, Árdísar, að hún hafi sérstaklega kannað, hvað kostaði að hringja frá Bandaríkjunum til Íslands sam-

kvæmt þarlendri gjaldskrá og hvað kostaði að hringja frá Íslandi til Bandaríkjanna samkvæmt hérlandri gjaldskrá. Sú könnun hafi leitt í ljós, að ódýrara væri að hringja frá Bandaríkjunum og greiða símtölin samkvæmt bandarískri gjaldskrá, og hafi sú leið því verið farin í samtölum hjónanna. Ákvörðun hafi einnig verið tekin um, að símtölin frá Bandaríkjunum yrðu viðtökusímtöl, „collect-símtöl“, hér á landi.

Stefnda hefur skilmerkilega útskýrt eðli viðtökusímtala þannig, að með þau sé farið eins og símtal þess, sem samþykkir símtalið sem viðtökusímtal, eins og hann hafi sjálfur hringt, og að þetta sé alþjóðleg regla. Þessar upplýsingar hefði stefnandi getað fengið hjá stefndu, ef hún hefði leitað eftir. Það gerði hún ekki, heldur lét sér nægja að skilja sínum skilningi upplýsingar í símaskrá um slík símtöl.

Þegar þetta er virt, er ljóst, að stefnandi hefur misskilið, hvernig farið sé með viðtökusímtöl. Á engan hátt verður fallist á með stefnanda, að samið hafi verið um, að gjald fyrir símtölin færi eftir bandarískri gjaldskrá, svo að bindandi sé fyrir stefnda. Ekki verður heldur fallist á með stefnanda, að upplýsingar stefndu í símaskrá hafi verið svo villandi, að stefndu sé um að kenna, að stefnandi hafi þurft að greiða símtölin samkvæmt íslenski gjaldskrá og beðið tjón af. Tilvitnaðar upplýsingar í símaskrá voru almenns eðlis og ástæðulaust að leggja annan skilning í þær en orðin segja til um. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda og dæma stefnanda til að greiða málskostnað, sem ákveðst 38.000,00 kr.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefnda, Póst- og símamálastofnun, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Árdísar Þórðardóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu 38.000,00 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.